



Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Skólaárið 2015-2016

Skýrslur og samantektir

Þar sem ekki tókst að vinna ársskýrslu

1. Áherslur vetrarins í Skýjaborg
2. Samstarf leik- og grunnskóla
3. Teymiskennslan – innleiðing og mat
4. Endurskoðun skólastefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar - Heiðarskóli
5. Náms- og starfsráðgjöf í Heiðarskóla – samantekt
6. Umhverfismennt – Heiðarskóla
7. Starfsmannasamtöl – Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar
8. Starfsmannasamtöl skólaárið 2016 - 2017

1. Áherslur vetrarins 2015-2016 í Skýjaborg

Nordplus verkefni Skýjaborgar

Leikskólinn tekur þátt í verkefni ásamt leikskólum í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Noregi. Markmið verkefnisins er að efla útinám og hreyfingu barna. Unnið er eftir þemanu „Bangsímon og hundraðekruskógurinn hans“ og eru unnin verkefni þar sem Bangsímon og vinir hans eru í forgrunni. Börnin hafa fundið Hundraðekruskóg í nágrenni leikskólans og fara reglulega þangað til að vinna verkefni. Þar fylgjast þau meðal annars með litlu tré vaxa og dafna og fara í útjóna.

Ýmis verkefni og þemu sem leikskólinn átti að vinna að voru fléttuð við Grænfánaverkefni vetrarins svo þetta féll vel við skólastarfið. Samstarfsskólarnir hafa samskipti sín á milli í gegnum Facebook síðu verkefnisins og tölvupóst. Heimasíða verkefnisins er síðan nýtt til að kynna verkefni hvers skóla út á við.

Fjöldmörg verkefni voru unnið í vetur í tengslum við verkefnið. Má þar nefna fuglafóðursgerð í janúar, brauðbakstur með hunangi í maí, skoðað hvernig vatn frýs úti, farið í útjóna o.fl. Hefur afrakstur verið kynntur foreldrum í lokuðum Facebook hópum sem og sett á heimasíðu skólans. Nordplus verkefnið tengist og skarast mikið við vinnu grænfánaverkefnisins því bæði tengist útinámi og umhverfismennt.

Í vetur voru tveir fundir, einn í haust í Riga í Lettlandi, sem tveir kennarar sóttu og einn í vor í Noregi, sem einn kennari sótti frá Skýjaborg.

Birtuverkefni Skýjaborgar

Leikskólinn er í samstarfi skóla sem kalla sig Birtuskólar. Þeir eiga það sameiginlegt að vinna að útinámi og jóna í leikskólastarfi. Í haust var haldið sameiginlegt jónanámskeið fyrir alla starfsmenn Birtuskólana til að efla þekkingu starfsmanna á jóna. Í febrúar fengum við til okkar barnajónakennara sem hélt tvo jónatíma með börnum og starfsfólki. Þar gafst starfsfólki kostur á að læra af henni og spyrja. Á vordögum fengum við svo jónastóla inn á deildir sem gerir starfsfólki auðveldara fyrir að sitja á gólfinu með börnunum.

Skýrslur verkefnastjóra

Umhverfismennt

Leikskólinn fékk leyfi til að flagga grænfánanum í þriðja skiptið á degi íslenskrar náttúru þann 16. september 2014. Leikskólinn tekur þrjú ár þetta tímabil til að vinna að markmiðum grænfánans til að samstilla Heiðarskóla og Skýjaborg með grænfánaafhendingu. Næsta grænfánaafhending verður vorið 2017.

Í vetur var umhverfisnefnd leikskólans skipuð elsta hópi leikskólans, hópstjóra og sviðsstjóra sem fer með verkefnastjórn í grænfánaverkefninu. Haldnir voru tveir fundir á skólaárinu, einn í október og annar í apríl sem var sameiginlegur með umhverfisnefnd Heiðarskóla. Að auki vann nefndin að fuglafóðri í vetur.

Eitt af markmiðum grænfánaverkefnis var að minnka plastpokanotkun í leikskólanum. Á síðasta skólaári (2014-2015) voru útbúnir fjölnota taupokar til að nota fyrir blaut föt og annað fyrir börnin. Þetta hefur haldið sér en mikið er um að pokarnir skili sér ekki aftur í leikskólann svo það hefur þurft að sauma fleiri á þessu skólaári. Á síðasta skólaári sendi leikskólinn erindi til sveitafélagsins þar sem sveitafélagið var hvatt til að fylgja fordæmi leikskólans og stefna að því að minnka plastpokanotkun í sveitafélaginu með því að útvega íbúum fjölnota poka. Tekið var vel í þetta erindi og nú á þessu skólaári var farið í að hanna pokana. Barn í leikskólanum teiknaði mynd öðrum megin á pokanum og barn úr Heiðarskóla hinum megin. Pokarnir voru í júní 2016 sendir inn á öll heimili í Hvalfjarðarsveit með umhverfisblaðinu Heiðarsóley.

Leikskólinn hefur einnig sett markmið um að verða Heilsuefandi leikskóli og er beðið eftir að opnað verði fyrir umsóknir hjá landlækni. Ýmis vinna hefur farið af stað til að vinna að þessu markmiði og þá sérstaklega sem snýr að geðheilbrigði. Lagt er áherslu á jóga og núvitund. Börn á eldri deild hafa farið í úti- og innijóga. Á yngri deild var bætt við jógatímum inni þegar leið á vorið. Þá fór sviðsstjóri á námskeið um geðheilsu ungra barna.

Eitt af markmiðum leikskólans er að vinna að grenndarnámi með börnunum. Myndir af öllum börnum og starfsfólki eru hengdar á stórt kort af Hvalfjarðarsveit þannig að börnin átti sig á hvar þau og vinir þeirra búa og hversu stórt sveitarfélagið er. Allir hópar eiga leynistað þar sem þau fara reglulega, leika og vinna verkefni. Staðirnir eru víðs vegar í nánasta umhverfi leikskólans.

Í haust voru sett markmið fyrir grænfánaverkefnið og unnin var mánaðartengdur gátlisti sem hangir inn á deildum til að minna starfsfólk á. Gátlistinn auðveldar mjög skipulagið í kringum grænfánavinnuna. Öll vinna gekk vel og ekkert gleymdist, en aðeins færðust verkefni á milli mánaða.

Tækniþróun

Áhersla vetrarins var að halda áfram að auka færni starfsmanna í að nýta spjaldtölvurnar til að auðvelda skráningu á leikskólastarfinu og efla almenna tölvufærni. Það hefur gengið vel og mikil skráning hefur verið. Tveir kennarar fóru á ráðstefnu um nýja tækni og smáforrit í þjálfun og kennslu.

Mikilvægt er að halda áfram að auka færni starfsmanna og kynna nýjum starfsmönnum fyrir tækjunum og notkun þeirra. Hugmynd er á næsta skólaári að þróa enn frekar spjaldtölvunotkunina og gefa börnunum meira færi á tölvutímum í kennsluleikjaröppum.

Sjálfsmat Skýjaborgar

Sjá Sjálfsmatsskýrslu Skýjaborgar 2015-2016 sem er að finna í Starfsáætlun Skýjaborgar 2016-2017.

Samstarf leik- og grunnskóla

Sjá skýrslu um samstarf leik- og grunnskóla.

Nám og kennsla

Skýjaborg

Í vetur voru börnin 39 fyrir áramót og 40 eftir áramót.

16 á yngri deild. Deildarstjóri Magnea Sigríður Guttormsdóttir / Sigurbjörg Friðriksdóttir.

24 á eldri deild. Deildarstjóri Ragna Kristmundsdóttir.

Aldursskiptingin var eftirfarandi:

Börn fædd 2010	7
Börn fædd 2011	8
Börn fædd 2012	6
Börn fædd 2013	8
Börn fædd 2014	9
Börn fædd 2015	2

Skýrsla um sérkennslu

Í leikskólanum nutu 14 börn þjónustu vegna frávika í þroska eða tvítyngis. Hluti af sérkennslu fer fram með auka stuðningi inni á deild í almennu starfi og hluti í sérkennslu utan deilda undir handleiðslu sérfræðinga.

Sjá nánar skýrslur frá talmeinafræðinga, sálfræðingi og sérkennara.

Uppeldi og menntun

Skýjaborg

Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólastarfi. Þau eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning. Námssviðin skarast og þau eru samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfs; leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni. Unnið er að markmiðunum í daglegu starfi, skipulögðu hópastarfi og leik. Í aðalnámskrá fyrir leikskóla eru skilgreindir grunnþættir menntunar sem eru: sköpun, jafnrétti, sjálfbærni, lýðræði, heilbrigði og velferð og læsi. Eiga þessir grunnþættir að verða leiðarljós við námskrárgerð. Grunnþættirnir eru skilgreindir í skólanámskrá.

Daglegt líf í leikskólanum tekur mið af þörfum barnahópsins hverju sinni. Leitast er við að skipuleggja umhverfi og athafnir þannig að allir geti tekið þátt í daglegu starfi. Dagskipulagið markast af athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu. Þau matast, þvo sér, hvíla sig og sofa á föstum tímum og hefur leikurinn mikið vægi í dagskipulaginu þess á milli. Leitast er við að hafa jafnvægi milli frjálsra og skipulagðra leikja og verkefna.

Mikilvægt er að dagskipulagið sé í föstum skorðum til að skapa hefð og festu í leikskólastarfinu og til þess að barnið geti verið öruggt um til hvers sé ætlast af því.

Í gegnum athafnir daglegs lífs vinna kennarar að uppeldis- og námsmarkmiðum leikskólans og þar fer fram mikið nám og gefst gott tækifæri til að sinna hverjum og einum og vinna með námssviðsmarkmið og gildi.

Á hvorri deild er unnið að markmiðum skv. þroska og getu þeirra einstaklinga sem þar eru hverju sinni. Deildarstjórar vinna áætlanir sem byggja á markmiðum sem sett eru fram í skólanámskrá og deildarnámskrám. Starfsfólk vinnur skv. þessum áætlunum með barnahópnum hverju sinni.

Í leikskóla skal leggja áherslu á skapandi starf og leik barna. Ekki er um beina kennslu að ræða sem stefnir að ákveðinni fræðilegri þekkingu. Leikskólafræði eru fremur þroskamiðuð en fagmiðuð, með áherslu á leik barna sem náms- og þroskaleið, uppgötvunarnám.

Til viðbótar við leikinn og athafnir daglegs lífs er hópastarf einu sinni á dag sem byggist á skipulögðum stundum til að ná fram uppeldis- og námssviðsmarkmiðum leikskólans. Leikurinn er áfram í forgrunni í skipulögðum stundum.

Sérkennsla fer fram inni á deildum eftir því sem hægt er, með sérfræðingi ef þarf. Unnar eru einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem þurfa á sérkennslu/stuðningi að halda og unnið í nánu samstarfi við sérkennara og sérfræðinga hverju sinni.

Í vetur var unnið með nokkur þemu í leikskólanum. Unnin voru verkefni mánaðarlega í Nordplusverkefni leikskólans með áherslu á Bangsímón og Hundraðekru skóginn hans. Á eldri deild var unnið að því að þróa leikinn með aðferðafræði könnunaraðferðarinnar, unnin voru verkefni um einhyrninga, ljón, laufblauð og haustið fyrir áramót og fi„ska, hesta og gíraffa eftir áramót. Inn í verkefnin fléttast öll námssviðin, byrjendalæsi / leikskólalæsi og tengjum við umhverfismennt og grænánaverkefnin inn í öll þemu. Á yngri deild var unnið með litþemu, þemað „ég sjálf/ur“ og lömbin.

Dagar og viðburðir á skólaárinu

Skipulagning daga og viðburða á skólaárinu hefur gengið vel og er farið tímanlega yfir komandi mánuð, hvaða áherslur og viðburðir verða. Dagatalið er hengt upp í fataherbergi á báðum deildum og sett á heimasíðu leikskólans.

Á aðventunni bauð foreldrafélagið upp á leiksýninguna „Grýla og jólasveinarnir“ sem vakti mikla lukku eins og áður í leikskólanum.

Á bangsadayinn fengu allir að koma með bangsann sinn í leikskólann.

Haldið var upp á Dag íslenskrar tungu og komu nemendur úr þriðja bekk og lásu fyrir leikskólabörnin.

Við héldum upp á stórafmæli Bangsímóns í janúar, blésum í blöðrur, fengum köku og sungum saman.

Á bóndadaginn buðum við öllum körlum í lífi barnanna í leikskólann í morgunkaffi. Á þorranum var haldið upp á þorra með þorrablóti fyrir börnin og gerðu börnin sér víkingahatta. Í lok þorra var síðan öllum konum í lífi barnanna boðið í morgunkaffi í tilefni konudagsins.

Á degi leikskólans fórum við í skruðgöngu með allan leikskólann um melahverfið, sungum og börðum trommur.

Á öskudaginn var haldið öskudagsball og máttu börnin mæta í búningum eða náttfötum í leikskólann. Þá var kötturinn sleginn úr tunnunni (poppið úr kassanum).

Í febrúar fengum við styrk hjá foreldrafélaginu og fengum við reyndan barnajógakennara til að koma til okkar og halda tvo jóгатíma á Regnboganum með börnum og starfsfólki.

Dansnámskeið var haldið í leikskólanum sem stóð í 5 vikur, en fimmta skiptið var opinn tími þar sem foreldrum var boðið á sýningu. Námskeiðið var fyrir eldri deild og eldri árgang á yngri deild.

Í mars buðum við eldri borgurum í heimsókn í kaffi á milli 14:00 og 16:00. Þetta var í samstarfi við starf eldri borgara í Hvalfjarðarsveit. Gekk kaffið ljómandi vel og er vilji til að halda þessu samstarfi áfram.

Á degi bókarinnar voru börnin hvött til að mæta með uppáhaldsbókina sína í leikskólann. Í lestrarstund kynntu þær bækurnar hvort fyrir öðru í litlum hópum.

Á degi umhverfisins tókum við okkur til og tíndum rusl á skólalóðinni og í nágrenni skólans.

Í maí var sett upp vorsýning í Stjórnsýsluhúsinu af vinnu barnanna í vetur. Sýningin var opin öllum.

Farið var með 29 barna hóp á Bjarneyjarsand í maí. Útskriftarhópurinn fór í maí ásamt 1. bekk á Akranes, í skógræktinga, Langasand, út að borða og á bókasafnið. Gengu þessar ferðir báðar ljómandi vel og ánægja var með báðar ferðir. Fyrir næstu útskriftarferð skal huga að því að láta börnin hafa vatnsbrúsa og handklæði með í bakpoka.

Hjóladaður var í maí og þá máttu öll börnin koma með hjól og hjálm í leikskólann. Börnin fengu að fara út á bílastæði við stjórnsýsluhúsið að hjóla og þá var lokað fyrir aðra umferð á meðan.

Í maí var haldinn útskrift þar sem elstu börnin voru útskrifuð. Komu fjölskyldur og fögnuðu með þeim og allir komu með eitthvað á kaffihlaðborð. Börnin höfðu æft þulu og sönglag og fluttu.

Nokkuð vel mótaðar hefðir hafa skapast í kringum skipulagða daga sem er mjög jákvætt og getur starfsfólkið gengið að ákveðnu skipulagi.

Foreldrasamstarf

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólinn veitir foreldrum stuðning og viðbót við það uppeldi sem börn fá heima. Foreldrar þekkja barn sitt best þar sem þeir hafa fylgst

með þroskaferli og líðan frá fæðingu, kennari í leikskóla kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

Foreldrasamvinna í leikskólanum byggir að mestu á daglegum samskiptum við foreldra þegar þeir koma með börnin eða sækja þau. Leitast er við að taka vel á móti foreldrum og börnum og að allir finni að þeir eru velkomnir í leikskólann.

Í daglegum samskiptum er foreldrum veittar upplýsingar um líðan barnsins og hvað helst hefur drifið á daga þess í leikskólanum. Í leikskólanum er að finna upplýsingablöð þar sem hvíldartími barna er skráður, hvernig matartímar hafa gengið fyrir sig og upplýsingar um verkefni dagsins eru skráðar á skilaboðatöflu í fataherbergi. Útbúin hafa verið mánaðardagatöl sem sett eru upp í fataherbergi og á heimasíðu leikskólans. Með því gefst foreldrum tækifæri á að fylgjast með viðburðum hvers mánaðar.

Heimasíða leikskólans er nýtt til að veita upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum. Þar er einnig að finna skráningu á leikskólastarfinu í formi texta og mynda, matseðil, almennar upplýsingar og fréttir úr leikskólastarfinu.

Leikskólinn heldur úti „like-síðu“ á Facebook síðu til að kynna skólastarfið og einnig lokaðar síður fyrir hvora deild þar sem deildarstjórar setja inn efni. Síðan hefur mælst vel fyrir hjá foreldrum og finnst þeim þetta góð viðbót að sjá starfið og það jafnvel í rauntíma. Það gefur foreldrum aukið tækifæri að ræða skóladaginn við börnin sín.

Foreldrafélag er starfandi fyrir sameinaðan leik- og grunnskóla. Foreldrafélag skipar fulltrúa í skólaráð. Hlutverk skólaráðs (foreldraráðs) skv. lögum um leikskóla er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Skólaráð (foreldraráð) hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Upplýsingar um foreldrafélag má finna á heimasíðu skólans.

Þegar barn hefur leikskólagöngu sína koma foreldrar með barninu og dvelja með því í leikskólanum þar til það er orðið öruggt að vera eitt. Í byrjun skólaárs er foreldrum boðið að koma á foreldrafund til að fræðast um leikskólastarfið og hvernig starf vetrarins mun fara fram.

Foreldraviðtöl voru tvisvar á skólaárinu, í október og mars/apríl. Góð þátttaka var í viðtölunum og gekk vel að fá foreldra til að skrá sig. Almenn ánægja foreldra er með upplýsingar sem þeir fá um börnin sín í viðtölunum og starfsfólk ánægt með skipulagið á þeim.

Foreldrafélag stóð fyrir sumarhátíð í Fannahlíð þar sem boðið var upp á ýmsa leiki á vegum Alltaf gaman, grillaðar pylsur, safa og ís.

2. Skýrsla um samstarf Skýjaborgar og Heiðarskóla skólaárið 2015 - 2016

Samstarf starfsfólks:

Sameiginlegur starfsdagur í ágúst: Fyrirlestur um barnaverndarmál, fyrirlestur um jákvæðni í erfiðum aðstæðum og fyrirlestur og verklegt námskeið um heilbrigðar matarvenjur.

Læsisstefna Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar var unnin skólaárið 2015 – 2016. Starfsfólk hittist reglulega á sameiginlegum fundum og vann læsisstefnuna. Hún var einnig unnin á teymisfundum hvers stigs fyrir sig. Haustið 2016 á eftir að fínússa stefnuna svo hún verði hæf til birtingar.

Skólasamstarfið: Þrjú skipulags- og undirbúningsfundir kennara voru haldnir á skólaárinu sá fyrsti fljótlega um haustið, annar í janúar og sá þriðji í júní. Fundirnir voru nýttir til að skipuleggja og meta samstarfið.

Samstarf meðal barna:

Helstu verkefni

Fullveldishátíð; börn í 1. bekk og elsti árgangur leikskólans með sameiginlegt atriði á hátíðinni, Búkollulagið. Börnin æfðu sönginn að mestu í sínum skóla og útbjuggu leikmuni líka þar. Ein sameiginleg rennislíking rétt fyrir sýningu.

Heiðarsóley; umhverfisblað Heiðarskóla, fréttir frá Skýjaborg.

Sameiginlegur umhverfisfundur umhverfisnefnda Skýjaborgar og Heiðarskóla í maí, unnið var við gróðursetningu í Heiðarskóla.

Dagur íslenskrar tungu; nemendur í 3. bekk lásu fyrir leikskólabörnin í Skýjaborg.

Nemendur í 7. bekk lásu fyrir leikskólabörnin á bókasafni Heiðarskóla í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina.

Vorskóladagar; elsti árgangur Skýjaborgar kom þrjú daga í skólann með skólabílunum og tók þátt í skólastarfinu.

Elsti árgangur Skýjaborgar og börn í 1. bekk fóru í sameiginlega útskriftarferð í maí á Akranes. Börnin fóru saman í skógræktina, á safnasvæðið, í fjöru, út að borða á Galito og á bókasafnið.

Nemendur í 1. bekk heimsóttu vini sína í leikskólanum tvisvar sinnum á haustönn, í fyrra skiptið um haustið þar sem börnin tóku þátt í daglegu starfi og í seinna skiptið var þeim boðið á jólaleiksýningu. Á vorönn fór 1. bekkur einu sinni í Skýjaborg og tók þátt í inni- og útistarfi frá kl 9:00 – 11:30.

Skólaheimsóknir voru á miðvikudögum í vetur, 8 skipti á hvorri önn. Þær fóru fram í október og nóvember á haustönn og mars og apríl á vorönninni. Börnin byrjuðu alla heimsóknardagana í Heiðarborg klukkan rúmlega 9:00, fóru í íþróttatíma á haustönninni og sundtíma á vorönninni, þau fengu rúmlega hálf tíma í sundlauginni. Eftir skólaíþróttirnar hittu börnin vini sína í 1. bekk í kennslustund og fengu ávexti, val um að leika eða gera „skólaverkefni“ Einnig var farið í hópeflisleiki. Börnin tóku þátt í frímínútum klukkan 10:50 –

11:10. Eftir frímínútur fóru þau á bókasafnið þar sem starfsmaður tók á móti þeim, las fyrir þau sögu og leyfði þeim síðan að velja sér verkefni t.d. lesa, lita, perla, tefla og kubba. Á vorönn var viðverutíminn lengdur og börnin borðuðu hádegisverð í Heiðarskóla, síðustu fjögur skiptin var tíminn lengdur enn frekar og börnin tóku þátt í hádegisfrímínútum frá klukkan 12:30 – 13:00.

Skýjaborgarval var haldið á vorönn. Unglingar í val tímum fengu kynningu á leikskólastarfi, þroska barna, skyndihjálpi er snýr að börnum á leikskólaaldri og í framhaldinu fengu þeir, tveir og tveir saman, að taka þátt í leikskólastarfinu í Skýjaborg í einn dag. Unglingarnir bjuggu líka til barnabók frá grunni og færðu vinum sínum í Skýjaborg að gjöf.

Tillögur fyrir skólaárið 2016 - 2017:

Leggjum til að við höldum áfram með þau samstarfsverkefni sem upp eru talin hér að framan. Þegar rætt var við börnin í 1. bekk í vetur kom í ljós að þau vilja fara oftari í Skýjaborg. Mælum með að börnin fari tvisvar sinnum á hvorri önn og dvelji þá frá klukkan rúmlega 9:00 fram að hádegismat í leikskólanum.

Skoða hvort nýta eigi einhver af þessum 16 skiptum í sameiginlegar vettvangsferðir elsta árgangs Skýjaborgar og 1. bekkjar.

Ráðinn hefur verið verkefnastjóri skólasamstarfs frá og með haustinu. Hann mun halda utan um skólasamstarfið næsta vetur og jafnframt vinna það sem rannsókn í sínu námi með tilskildum leyfum allra hlutaðeigandi. Fundað var með verkefnastjóranum tilvonandi 2. júní s.l. þar sem hann fékk að heyra hvað gert var í vetur og hvernig tókst til. Á fundinum kynnti aðilinn það sem hann sér fyrir sér og þá ber helst að nefna áhersluna á að ræða við börnin um skólasamtarfið, hvað þau vilja, hvaða þarfir hafa þau um skólasamstarf, hvar þau eru örugg, hvað þau vilja gera, hvað þau eru hrædd við. Skipuleggja svo heimsóknirnar út frá svörum barnanna, því má reikna með að starfið geti verið breytilegt frá einni heimsókn til annarrar. Tekið verður tillit til þessa við stundatöflugerð í Heiðarskóla en þó mælt með að gera ráð fyrir aðgengi að íþróttasal og sundlaug á ákveðnum tíma.

Leggjum til að stofnað verði samstarfsteymi sem fundi oftari en gert var í vetur. Mælum með að teymið sé skipað einum fulltrúa frá hvorum skóla og síðan breytilegt eftir þörf hverjir sitji fundi teymisins, stundum margir, fer eftir því hverjir koma að börnunum.

Við teljum það mikinn feng fyrir skólasamstarfið að fá aðila með þessa menntun og reynslu til liðs við okkur næsta skólaár og höfum miklar væntingar um að við eflumst í skólasamstarfinu.

Mat á samstarfinu

Samstarfið gekk almennt séð mjög vel. Það er mat okkar að börnin fá góðan tíma og tækifæri til aðlögunar í grunnskólanum og þau eru orðin mjög örugg þegar kemur að vorskólanum í maímánuði og skólagöngu að hausti. Það kemur vel út að hafa íþróttir fyrir áramót og sund eftir áramót, minni líkur eru á ruglingi með fót þegar tímarnir eru samfelldir. Í sundinu mátti

sjá örugg börn verða enn öruggari í vatninu eftir því sem leið á. Þau voru fljót að komast upp á lagið með að klæða sig í og úr.

Börnin komu starfsmanni Skýjaborgar stanslaust á óvart í skólaheimsóknunum. Þau voru „fullorðnari“ í Heiðarskóla heldur en þau eru oft í Skýjaborg. Starfsmaður leikskóla fylgdi börnunum í frímínútum. Þau dreifðust vel um lóðina. Tóku þátt í leik með öðrum börnum m.a. fótbolta á sparkvöllinum, þó kom fyrir að þau leituðu í öryggið hjá starfsmanninum sem fylgdi þeim en það var

ávallt í stuttan tíma, fljót að komast í leik aftur. Það var spennandi fyrir hópinn þegar tíminn lengdist og fá að fara út í langar frímínútur eftir hádegismatinn. Það gekk vel á bókasafninu, börnin elska bókasafnið og vilja vera lengi þar.

Þetta er annað árið sem við förum í sameiginlega vorferð. Gekk mjög vel og skemmtilegt að fara saman, líka góður undirbúningur fyrir næsta skólaár þar sem þessir árgangar verða í samkenslu. Muna eftir handklæði og vatnsbrúsa næsta vor.

3. Innleiðing teymiskennslu í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Verkefnið var styrkt af Sprotasjóði og gekk út á að innleiða teymiskennslu í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar haustið 2015. Teymin: elsti árgangur leikskólans og 1. bekkur, 2. – 4. bekkur, 5. – 7. bekkur, 8. – 10. bekkur og list- og verkgreinateymi.

Leiðir að verkefni

Í upphafi fengum við Þórhildi Helgu Þorleifsdóttur til að kynna teymiskennslu fyrir starfsmannahópnum. Jafnframt tilkynnt að teymiskennsla hæfist í skólanum haustið 2015. Kennarar hvattir til að lesa sér til um teymiskennslu og gögnum dreift til þeirra. Þeir einnig hvattir til óska eftir fyrirlestrum um teymiskennslu og fara í skólaheimsóknir og kynna sér teymiskennslu. Í stundatöflusmíði fyrir skólaárið var séð til þess að kennarar hefðu sameiginlegar eyður í töflu svo tryggt væri að þeir hefðu sameiginlegan fundartíma. Haustið 2015 fengu kennarar drög að starfslýsingu teyma sem þeir unnu eftir.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið gekk eftir fyrir utan að stuðningur frá stjórnendum var ábótavant, fundir þvert á teymin voru allt of fáir og fundargerðir voru ekki ritaðar nema í einstaka tilfalli. Hins vegar voru teknir niður punktar. Samstarf milli teyma var lítið sem ekkert og það þarf að stórauka. Utanaðkomandi fræðsla hefði mátt vera meiri.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Breyttar aðstæður á yngsta stigi sem ekki var hægt að sjá fyrir við skipulagningu skólaársins gerðu það að verkum að við þurftum að gera skipulagsbreytingar í 1. – 4. bekk á skólaárinu. Mikill tími sem annars hefði farið í samvinnu og faglega skólaumræðu fór í að finna bestu lausnirnar við þeim vanda sem blasti við. Í lok janúar var skipulagsbreytingum lokið og eftir það fór að ganga betur. Í upphafi voru 2. – 4. bekkur saman og fyrsti bekkur að mestu sér en þó í samstarfi 16 sinnum á árinu með elsta árgangi leikskólans og af og til með nemendum í 2. – 4. bekk. Þessu fyrirkomulagi var breytt og 1. og 2. bekkur urðu teymi og svo 3. og 4. bekkur. Eftir sem áður var 1. – 4. bekkur eitt teymi og 1. bekkur og leikskólabörn líka í teymisvinnu. Það reyndist þó annmörkum háð þar sem leikskólinn og grunnskólinn eru ekki í sama húsi, 5 km á milli.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu

Samstarf kennaranna jókst til muna, einyrkjavinnubrögð sáust nánast ekki. Kennarar lærðu hver af öðrum og styrktu sig í starfi. Sameiginleg ábyrgð á nemendahópum og verkefnum. Vinnugleði, metnaður og virkni í nemendahópum. Markmiðssetning og utanumhald mun meira og betra. Mismunandi styrkleikar innan teyma nýttust vel í að gera skólasterfið heildstætt og áhugavert fyrir nemendur.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Margt jákvætt sem við upplifðum í innleiðingunni. Við teljum að verkefnið hafi eftir skólann okkar. Lærdómssamfélag þar sem nám barnanna er í fyrirrúmi, fagleg skólaumræða fer reglulega fram og

skólasamfélagið í heild sinni vinnur saman að hagsmunum allra. Verkefnið er í þróun, það hefur nú þegar haft heilmikil áhrif á skólastarfið og mun hafa áfram. Við erum reynslunni ríkari, sjáum annmarkana frá því í fyrra og gerum betur á komandi skólaárum.

Niðurstöður verkefnisins

a) Yfirlit yfir það sem koma fram við framkvæmd verkefnisins.

- Fagþekking í einstökum námsgreinum innan teymis getur verið ábótavant, sérstaklega í litlum sveitaskóla þar sem starfsmannahópurinn er fámennur. Við vissum fyrir af þessari hindrun varðandi fagþekkingu í dönsku en gerðar voru þær kröfur til kennaranna að þeir sinntu dönskukennslu þó þeir hefðu hana ekki sem sérgrein úr kennaranáminu. Við erum sammála um að við þurfum að gera betur þar.
- Kennarar voru of oft beðnir um að taka forföll á fundartíma teyma. Mikilvægt að tryggja að kennarar séu ekki beðnir um það.
- Stuðningur stjórnenda var ekki nógu mikill, úr þessu þarf að bæta. Stjórnendur þurfa að mæta oftari í tíma og vinna með börnunum, upplifa kennsluna og taka í kjölfarið faglega umræðu með kennurum.
- Samstarf milli teyma var ekki nógu mikið og þar þurfum við að bæta verulega í. Teymin þurfa að vinna meira saman og miðla hvert til annars.
- Í viðhorfskönnun sem gerð var meðal foreldra s.l. vor kemur fram að rétt tæplega helmingur þeirra sem svöruðu eru mjög sáttir eða frekar sáttir með teymisfyrirkomulagið. Margir hlutlausir. Við þurfum að kynna kosti teymiskennslunnar fyrir foreldrum.
- Kennsluhættir urðu skipulagðari og fjölbreyttari. Greina mátti aukna virkni, ábyrgð og metnað nemenda, sérstaklega í eldri bekkjum skólans.
- Flestir nemendur skólans eru sáttir við teymisfyrirkomulagið og finnst gott að hafa aðgang að fleirum en einum umsjónarkennara.
- Nemendur fengu meira val um viðfangsefni og skil á verkefnum.
- Regluleg einstaklingsviðtöl við nemendur þar sem þeir settu sér markmið.
- Markviss eftirfylgni og endurgjöf kennara við nemendur varð skilvirkari.
- Starfsmenn lærðu hver af öðrum og fagleg umræða um skólastarf jókst til muna.
- Horft var meira á styrkleika nemenda.
- Fjölbreytt og heildstæð þemaverkefni urðu fleiri.
- Í forföllum kennara var haldið áfram með kennsluáætlanir þar sem starfsfólkið skipulagði saman og því allir vel inni í þeim málum.
- Samstarf innan teymanna var markvisst og gagnlegt, vel gekk að skipuleggja og verkaskipting gekk vel.
- Áherslum skólans í spjaldtölvunotkun og umhverfismennt voru gerð betri skil en áður. Sameiginlega tókst kennurum betur að fylgja þeim eftir.
- Það sama má segja um gildi skólans og grunnþætti menntunar úr aðalnámskrá.
- Skólasamstarfið með leikskólabörnunum var fjölbreytt t.d. sameiginleg verkefni, leiksýningar, vettvangsferðir og vorferðir.
- Teymisfundir leik- og grunnskólakennara voru haldnir reglulega á skólaárinu. Þá voru ýmist rædd skipulagsmál eða fagleg skólaumræða t.d. ólíkar og líkar áherslur leik- og grunnskóla og aðferðafræði leikskóla- og byrjendalæsis.
- Sameiginleg læssistefna leik- og grunnskóla var unnin á teymisfundum.
- Unglingum stóð til boða að skrá sig í leikskólaval. Þeir sem það gerðu fengu að dvelja einn dag í leikskólanum og vinna með börnunum þar undir handleiðslu leikskólakennara. Þeir fengu einnig fræðslu um leikskólastarfið og þroska barna, þeir sömdu sögu og myndskreyttu í bók sem þeir gáfu leikskólabörnunum og lásu fyrir börnin.

- Nemendur í 4. og 7. bekk lásu fyrir leikskólabörnin sem sungu fyrir grunnskólanemendur.
- Sameiginlegt leikatriði leikskólabarna og 1. bekkjar var á Fullveldishátíð skólans.
- Hafa þarf í huga að fólk fái tækifæri til fjölbreyttra starfa, t.d. fara á milli stiga.

b) Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Já, við innleiddum teymiskennslu. Sumt gekk mjög vel en við þurfum að bæta okkur í öðru sbr. samantektina hér að framan.

c) Heldur verkefnið áfram innan skólans?

Já, verkefnið heldur áfram innan skólans. Teymisstarfið gekk heilt yfir vel og kennarar ýmist mjög sáttir eða nokkuð sáttir með veturinn. Kennarar lærðu mikið hver af öðrum og styrktu sig í starfi.

4. Endurskoðun skólustefnunnar - Heiðarskóla 2. júní 2016

Grænt – í lagi

Gult – þarf að laga/bæta ásamt athugasemd

Rautt – er ekki í lagi ásamt athugasemd

Uppeldi, nám og kennsla

Tryggja skal markvissa þróun uppeldis- og kennsluhátta og að fjölbreyttum aðferðum sé beitt við uppeldi og kennslu. Kennsluhættir skulu taka mið af sérstöðu skólans, tengslum hans við náttúru, umhverfi og samfélag. Í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er áhersla lögð á að börn starfi án aðgreiningar og að þau fái hvatningu til náms í samræmi við þroska og áhuga, vinni með hæfileika og styrkleika og að ýtt sé undir frumkvæði og sköpunargáfu þeirra.

Leiðir:

- Vinna eftir nýrri menntastefnu Aðalnámskrár grunnskóla þar sem grunnþættirnir *lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og heilbrigði, læsi, sjálfbærni, sköpun og velferð* eru hafðir að leiðarljósi. Grænt
- Vinna eftir skólanámskrá þar sem leiðir að markmiðum aðalnámskráa leikskóla og grunnskóla eru skýrar. Gult – erum að ljúka þessari vinnu
- Endurskoða skólanámskrána árlega og stefnu skólans á þriggja ára fresti og meta árangur með markvissum hætti með þátttöku allra starfsmanna, foreldra og fulltrúa sveitarfélagsins. Gult – foreldrar og sveitarfélag eru ekki að endurskoða
- Nýta umhverfi skólans til umhverfismenntar, útináms og heilsueflingar. Grænt
- Endurnýja Grænfánann á tveggja ára fresti. Grænt
- Marka skólanum stefnu varðandi samvinnu og samskipti við grenndar-samfélagið. Rautt- þarf að klára stefnuna
- Nota fjölbreytta kennsluhætti sem gera kröfu um virka þátttöku s.s. þemanám, heildstæð viðfangsefni, að þjálfra gagnrýna hugsun, vendi-kennslu, nýsköpunarnám, samvinnunám, sjálfstæð og skapandi vinnu-brögð, útinám, hópvinnumbrögð, leikræna tjáningu og þátttöku barna í viðburðum. Grænt
- Vera leiðandi í upplýsingatækni. Grænt
- Beita fjölbreyttum aðferðum við að meta árangur og framfarir í skólastarfi. Gult – kemur þegar námsmatsvinna klárast
- Hafa hugmyndafræði skólans skýra og aðgengilega. Rautt – hver er hugmyndafræðin – þarf að skerpa á þessum lið
- Vinna að fjölbreyttu þróunar- og nýbreytnistarfi. Grænt
- Gera einstaklingsnámskrár fyrir börn með sérþarfir í samvinnu við foreldra. Grænt
- Setja fram náms- og kennsluáætlanir upp í skráningarkerfi skólans. Gult – verður klárt í haust
- Gera námsmarkmið börnum og foreldrum ljós. Gult – þarf að bæta
- Nýta leiðsagnarmat, greinandi próf og mat á námstöðu með markvissum hætti. Gult – þarf að gera betur
- Kenna námstækni sem hæfir aldri og þroska hvers og eins. Grænt

- Bjóða upp á fjölbreyttar valgreinar. Grænt
- Hafa á að skipa starfsfólki sem býr yfir þekkingu til að sinna öllum börnum. Grænt
- Sjá til þess að hvert barn fái þann stuðning og ráðgjöf sem það þarf. Gult – þarf að skoða
- Bjóða upp á menningarferðir. Grænt
- Hafa skýra jafnréttisstefnu. Grænt
- Starfsfólk skólans tileinki sér fjölmenningsleg viðhorf. Grænt
- Samræma skóladagatöl eftir því sem við á. Grænt

Börn

Allir eiga jöfn tækifæri til náms óháð getu, stöðu og þroska. Skólastarfið á að stuðla að vellíðan og metnaði og eiga börn að finna fyrir öryggi í skólanum. Þar á að ríkja gagnkvæm virðing í öllum samskiptum og hvorki einelti né annað ofbeldi er liðið.

Leiðir:

- Skipuleggja námið á þann hátt að það sé merkingarþætt, byggi upp jákvæða sjálfsmynd og auki siðgæðisvitund, frumkvæði og sköpunargleði. Grænt
- Efla trú barna á eigin getu. Grænt
- Höfða sem oftast til áhuga og reynslu barna og veita þeim tækfæri til að fást við viðfangsefni á áhugasviðum sínum. Gult – gera betur
- Taka tillit til einstaklingsþarfa við skipulagningu umhverfis, námsmats, árangurs og framfara við val á efnivið og kennsluefni. Grænt
- Beita fjölbreyttum aðferðum við nám, árangursmat, uppeldi og kennslu. Grænt
- Tryggja börnum sérfræðiaðstoð og aðstöðu við hæfi hverju sinni. Grænt
- Hafa virka eineltisáætlun. Grænt
- Leggja áherslu á heilsuefningu og tryggja hollt og næringarríkt fæði. Gult – sinna unglingum betur
- Hafa virkt samstarf milli heimilis og skóla. Grænt
- Gera jákvæða þætti sýnilega. Grænt
- Veita börnum hvatningu fyrir vel unnin störf og framfarir. Grænt
- Hafa skýrar skólareglur, viðmið og viðurlög. Grænt
- Móta heildstæða lífsleikniáætlun og forvarnarstefnu. Grænt
- Gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu og markmiðasetningu. Grænt
- Nemendur eigi fulltrúa í skólaráði. Grænt

Foreldrar

Foreldrar eiga að vera virkir þátttakendur í námi barna sinna og hafa metnað fyrir þeirra hönd, efla skólastarfið og gera það fjölbreyttara. Samvinna skóla og foreldra skal byggja á gagnkvæmri virðingu og trausti, jákvæðum samskiptum og hlýhug. Góð samvinna foreldra og starfsmanna skólans stuðlar að alhliða þroska og bættri líðan barna og hefur hvetjandi áhrif á framfarir þeirra.

Leiðir:

- Bjóða upp á haustsamveru þar sem blandað er saman fræðslu, kynningu á skólastarfinu og umræðu um skóla- og uppeldismál. Gult – bæta úr þessu í haust

- Hafa skólanámskrá og kennsluáætlanir sýnilegar á heimasíðu skólans. **Gult – skólanámskrá er sýnileg, taka kennsluáætlanir út hér, þær verða aðgengilegar í Mentor**
- Nýta upplýsinga- og skráningakerfi markvisst til að upplýsa foreldra um nám, heimanám, skólastarf, áætlanir og breytingar er varða skólastarfið. **Grænt**
- Hvetja foreldra til að koma í skólann, kynna sér starfið og taka virkan þátt í því. **Grænt**
- Stuðla að góðum samskiptum við foreldra. **Grænt**
- Fá foreldra með í félags- og skólastarf, t.d. með fræðslu eða þátttöku í verkefnum með börnum sínum. **Grænt**
- Foreldrar og skóli verði samstíga í því að ala börnin upp með staðarstolt fyrir augum. **Gult - bæta**
- Foreldrar finni sig velkomna í skólann og hafi tækifæri til að segja sínar skoðanir á skólastarfinu. **Grænt**
- Nemendur undirbúa *Dag nemenda* þar sem þeir skipuleggja verkefni og kennslu fyrir foreldra og aðra áhugasama um starf skólans. **Rautt – taka út þennan lið**
- Hafa öflugt foreldrafélag og virkt skólaráð. **Gult – efla foreldrafélagið**
- Hafa regluleg foreldraviðtöl og viðhorfakannanir. **Grænt**

Starfsfólk

Skólinn hefur á að skipa metnaðarfullu og hæfu starfsfólki sem leggur áherslu á vellíðan og framfarir barna. Starfsfólk skólans starfar sem ein heild þar sem allir gegna mikilvægu hlutverki og starfið einkennist af gagnkvæmri virðingu og trausti. Í skólanum er lögð áhersla á jákvætt andrúmsloft og gott starfsumhverfi. Unnið er eftir mannauðsstefnu Hvalfjarðarsveitar.

Leiðir:

- Tryggja að skólinn hafi virka símenntunar- og umbótaáætlun sem er endurskoðuð reglulega í samstarfi við starfsfólk. **Gult – breyta reglulega í árlega**
- Hafa heilsueflandi lífshætti í fyrirrúmi. **Rautt – þarf að bæta t.d. veita tíma til hreyfingar**
- Hver og einn leggi sitt af mörkum til að skapa jákvætt andrúmsloft. **Grænt**
- Kanna reglulega viðhorf og líðan starfsfólks með formlegum hætti. **Grænt**
- Hvetja starfsfólk til að afla sér frekari menntunar. **Grænt**
